

1

2

3

4

# VERKLAG



VEGNA GRUNNS UM OFBELDI  
VANRÆKSLU EÐA  
ÁHÆTTUHEGÐUN  
BARNA



GARÐABÆR



MENNTAKLIF



**Verklag stofnanna, félagasamtaka og dagforeldra  
Vegna gruns um vanrækslu, ofbeldi eða áhættu hegðun barna.**

**Ritstjórn og ábyrgð:**

Ágústa Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Menntaklifs

Ásta Sölvadóttir, verkefnastjóri Menntaklifs

Elísabet Gunnarsdóttir, kennari Álftanesskóla

Guðrún Hrefna Sverrisdóttir, félagsráðgjafi fjölskyldusviðs Garðabæjar

**Umbrot og hönnun:**

Ágústa Guðmundsdóttir

Verklag þetta má finna á rafænu formi á vef vefsíðu Garðabæjar  
Menntaklifsins

[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

[www.menntaklif.is](http://www.menntaklif.is)

Útgefið: 2015

Garðabæ

# Efnisyfirlit

Formáli	3
Barnasáttmáli	4
Tilkynningarskylda	5
Verklag:	
1. Hlutverk starfsfólks	6
2. Skráning málsatvika	8
3. Hvert leitar starfsmaður?	8
4. Tilkynning	8
Eftir að mál hefur verið tilkynnt	9
Dæmi um tilvik sem rétt er að tilkynna	10
Stuðningur og ráðgjöf	12
Handbækur, ítarefni og vefsíður	13



**„Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“**

Afrískt máltæki

# Formáli

Árið 2012 var verkefninu *Vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi gegn börnum* hleypt af stokkunum á vegum innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis. Í kjölfar þess fór af stað hugmyndavinna um hvernig koma megi á verklags- og fræðsluáætlun um málefnið hjá öllum stofnunum sem vinna með börnum og unglingum hjá sveitarfélaginu Garðabæ.

Vorið 2013 var stofnaður samráðshópur þvert á stofnanir og félagasamtök í Garðabæ. Áhugasamt fólk tók þátt í verkefninu og er verlag þetta afrakstur þeirrar vinnu. Stýrihópur var stofnaður í júní 2013 og hefur hann unnið að skipulagningu og framkvæmd verkefnisins.

Við mótun verklagsins var stuðst við bókina *Verndum þau* eftir Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf bókina út árið 2013. *Verndum þau* er handbók um hvernig bregðast skuli við ef grunur vaknar um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og ungmennum. Einnig var stuðst við verklagsreglur frá Barnaverndarstofu sem unnar voru í samstarfi fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndar Reykjavíkur og Barnaverndarstofu. Verklagsreglurnar varða börn upp að 18 ára aldri og ná því til starfsfólks leik- og grunnskóla, fyrstu bekkja framhaldsskóla og annarra er vinna með börnum.

Börn og ungmenni geta búið við óviðunandi aðstæður eða átt við tilfinningalega erfiðleika að stríða. Því er mikilvægt að fólk sem starfar með börnum þekki skyldur sínar og sé upplýst um málefnið.

Hver stofnun eða félag aðlagar verlagið að sínu starfi. Fyrirkomulagið sem verður fyrir valinu þarf að vera til þess fallið að tilkynningu um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun sé komið á framfæri eins fljótt og unnt er. Mikilvægt er að verlagið sé öllu starfsfólki ljóst.

Með gerð verklagsins vill samráðshópurinn leggja sitt af mörkum til þess að allir séu vel upplýstir og viti af þeim boðleiðum sem starfsfólki ber að fara eftir.

Á þennan hátt getum við unnið saman öll sem eitt að velferð barna í Garðabæ.

**Verlag þetta skal skoða og uppfæra reglulega.**

# BARNASÁTTMÁLINN

**Greinar í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lúta að vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barna.**

## **19. grein Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu**

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illri meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.

## **27. grein Lífsskilyrði**

Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna. Aðildarríki skulu tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð og stuðningsúrræði ef þörf krefur. Jafnframt skulu aðildarríkin tryggja hverju barni innheimtu framfærslueyris frá þeim sem ber fjárhagslega ábyrgð á barninu, hvort sem viðkomandi býr innanlands eða í útlöndum.

## **34. grein Kynferðislegt ofbeldi**

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi.

## **39. grein Bati og aðlögun**

Tryggt skal að börn sem sætt hafa vanrækslu, misnotkun, grimmilegri eða vanvirðandi meðferð eða eru fórnarlömb átaka fái viðeigandi meðferð til að ná bata og aðlagast samfélaginu.

# TILKYNNINGARSKYLDA

SAMKVÆMT BARNAVERNDARLÖGUM NR. 80/2002

## 16. gr. Tilkynningarskylda almennings

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- Búi við óviðunandi uppeldisaðstæður.
- Verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.
- Stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þá er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu með óviðunandi eða háskalegu líferni þungaðrar konu, t.d. með ofneyslu áfengis eða fíkniefna-neyslu, eða með því að þunguð kona er beitt ofbeldi eða ef ástæða er til að ætla að þunguð kona sé beitt ofbeldi, eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarnefnd eigi að láta sig varða.

## 17. gr. Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd.

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. um rétt til nafnleyndar á ekki við um tilkynnendur skv.17. gr. barnaverndarlaga.

Það er hlutverk barnaverndar og starfsfólks hennar að meta hvort tilkynning sé nægilega rökstudd og taka ákvörðun um frekari athugun í framhaldi af því.

Hver sá sem tilkynnir skal segja á sér deili

Tilkynnandi skv. 16. gr getur óskað nafnleyndar

Tilkynningarskylda gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta

# VERKLAG

## ÞEGAR GRUNUR VAKNAR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNNA

Starfsmanni ber:

- Að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og beita faglegum vinnubrögðum.
- Að sjá til þess að mál fari í réttan farveg innan stofnunar eða félags.
- Að sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast máli fyllstu nærgætni.
- Að gæta trúnaðar.

### 1



#### HLUTVERK STARFSFÓLKS

##### Ef barn eða ungmenni leitar til starfsmanns

Ef barn leitar til starfsmanns og gefur í skyn að ofbeldi eða vanræksla eigi sér stað inni á heimili þess eða annars staðar er mikilvægt að starfsmaður sýni viðeigandi framkomu.

Starfsmaður þarf að átta sig á að barnið sýnir honum mikið traust. Honum ber að halda ró sinni og gæta að réttum viðbrögðum. Mikilvægt er að hlusta á það sem barnið segir og leyfa því að tala án þess að trufla frásögn þess.

Gott er að nota setningar eins og:

- Takk fyrir að treysta mér og segja mér frá þessu.
- Viltu segja mér eitthvað meira?
- Ég ætla að hjálpa þér.

Ef barnið vill ekki tjá sig meira á ekki að beita það þrýstingi. Barnið er búið að opna fyrir upplifun sína. Ekki má vanvirða það traust sem barnið sýnir. Segja verður barni að réttir aðilar þurfi að vita hvað gerðist svo hægt sé að hjálpa því.

Ef um er að ræða grun um ofbeldi, kynferðislegt eða líkamlegt, er mikilvægt að hlusta á barnið og taka við þeim upplýsingum sem það gefur án þess að spyrja leiðandi spurninga. Leiðandi spurningar geta haft áhrif á framvindu máls hjá lögreglu.

Sé barn með sýnilega áverka eða segi frá ofbeldi skal samstundis hafa samband við stjórnanda viðkomandi stofnunar eða félagasamtaka. Stjórnandi hefur samband við fjölskyldusvið Garðabæjar.





## Grunur um óviðunandi aðstæður, ofbeldi eða áhættu hegðun barna

Mikilvægt er að starfsmaður sýni varfærni í samræðum við barn eða ungmenni og fylgi málinu eftir í réttan farveg.

Koma þarf upplýsingunum til stjórnanda. Það er á ábyrgð stjórnanda að tilkynna til fjölskyldusviðs Garðabæjar. Hlutverk fjölskyldusviðs er að kanna málið og ræða við barnið eftir þeim reglum sem um slíkt gilda.

Í tilvikum þar sem vanræksla eða áhættu hegðun barns hefur varað í lengri tíma, og ekki batnað þrátt fyrir ábendingar starfsfólks til foreldra, skal tilkynna málið til fjölskyldusviðs.

## Ef grunur er um að foreldri eða einstaklingur sem sækir barn í skólann eða stofnun sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

Leita skal til stjórnanda og vísa viðkomandi inn á skrifstofu stjórnanda í samtal. Þar á að láta viðkomandi vita að starfsfólk gruni hann um að vera undir áhrifum áfengis eða vímuefna og ekki sé rétt að hann fari með barnið.

Koma skal í veg fyrir að viðkomandi fari með barn af vettvangi ef talið er að barninu sé hættu búin. Stjórnandi hringir í lögreglu í síma 112 og óskar eftir aðstoð ef þörf er á.

Stjórnandi tilkynnir málið til fjölskyldusviðs Garðabæjar.

## Ef grunur er um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Leita skal til stjórnanda er vinnur í samræmi við verklagsreglur stofnunar eða félags. Stjórnandi tilkynnir málið til fjölskyldusviðs Garðabæjar.

**ÁVALLT SKAL  
GÆTA TRÚNAÐAR**



# VERKLAG

## 2



### SKRÁNING MÁLSATVIKA

Mikilvægt er að starfsfólk skrái eins fljótt og auðið er málsatvik og samtöl vegna hugsanlegrar tilkynningar.

## 3



### HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

#### Starfsmaður skal leita til stjórnanda

Ef ekki næst í stjórnanda og barn er í hættu, skal tilkynna beint til fjölskyldusviðs Garðabæjar í síma 5258500 eða í síma 112 og láta stjórnanda vita síðar.

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda er honum bent á að hafa samband við fjölskyldusvið eða fræðslu- og menningasvið á bæjarskrifstofu Garðabæjar í síma 5258500.

## 4



### TILKYNNING

#### Stjórnandi tilkynnir mál til fjölskyldusviðs Garðabæjar eða þess sveitarfélags þar sem barnið býr

Tilkynningareyðublöð eru á vef Garðabæjar undir liðnum þjónusta. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 5258500.

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112.

Stjórnandi getur leitað eftir utanaðkomandi aðstoð til að veita starfsfólki stuðning. Ef starfsmaður verður fyrir áfalli getur hann fengið áfallahjálp.

#### NAFNLEYND

Tilkynning er á ábyrgð og í nafni stofnunar eða félags en ekki einstakra starfsmanna.

Stofnun nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. bvl.

# EFTIR AÐ MÁL HEFUR VERIÐ TILKYNNNT

## Upplýsingar til tilkynnanda og samstarf

Tilkynnandi á ekki rétt á neinum persónuupplýsingum um barn sem tilkynnt er um eða fjölskyldu þess. Undir þetta falla upplýsingar um hvort mál er kannað eða ekki og allar upplýsingar um vinnslu máls í kjölfarið. Hins vegar skal barnaverndarnefnd staðfesta við tilkynnanda að tilkynning hafi borist og gefa almennar upplýsingar um málsmeðferð vegna tilkynninga.

Öllum þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna er skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld og skulu þau leitast við að eiga gott samstarf við þessa sömu aðila sbr. 20 gr. barnaverndarlaga.

## Foreldrasamskipti

Stjórnandi skal að jafnaði láta foreldra vita af tilkynningu. Hann gerir foreldrum grein fyrir að þannig sé lagaskyldum fylgt. Í samtali við foreldra þarf að koma fram að málið snúist um velferð barnsins, stuðning við það og fjölskyldu þess. Markmiðið sé að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Ef grunur leikur á að barn búi við ofbeldi á heimili sínu á ekki að upplýsa foreldra um tilkynningu til yfirvalda. Með því móti er reynt að koma í veg fyrir að barnið verði fyrir meira ofbeldi og að rannsóknarhagsmunum verði spillt.

## Stuðningsúrræði

Möguleg stuðningsúrræði barnaverndar eru meðal annars regluleg viðtöl við félagsráðgjafa, ýmis sérfræðipjónusta, persónulegir ráðgjafar, tilsjón og stuðningsfjölskyldur. Auk úrræða sem sótt er um hjá Barnaverndarstofu. Ætíð er lögð áhersla á samvinnu við foreldra.





# DÆMI UM TILVIK SEM RÉTT ER AÐ TILKYNNNA

Gott er að hafa í huga að oft er það ekki eitt tilvik eða atriði sem vekur áhyggjur starfsmanns. Oft eru það fleiri þættir og tilfinning fyrir líðan barns sem vekur áhyggjur.

Barnaverndarmál eru oft flokkuð í þrjá meginflokka. Meginflokkarnir eru: Vanræksla, ofbeldi og áhættu-  
hegðun barna. Oft eru mörkin óljós milli flokka.

Eftirfarandi lista, sem meðal annars er að finna í verklagsreglum Barnaverndarstofu, má hafa til hlið-  
sjónar til að hjálpa starfsmanni að glöggva sig á líðan og ástandi barnsins. Mikilvægt er að hafa í huga  
að listinn er ekki tæmandi.

## Vanræksla

Vanræksla getur verið bæði tilfinningaleg og líkamleg. Hún getur falist í því að barn fái ekki þá umönnun og aðbúnað sem því er nauðsynlegt og getur skaðað þroska þess. Vanræksla getur hafist strax í móðurkviði.

Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla þegar þörfum barns er ekki sinnt nógu vel í einstaka skipti. Þegar umönnun barns er endurtekið ábótavant flokkast það sem vanræksla.

- Vanræksla getur falist í því að barn fái ekki líkamlegum þáttum fullnægt vegna sinnuleysis foreldra. Til dæmis að ekki sé hugað að því að barn fái nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.
- Vanræksla getur varðað umsjón og eftirlit barnsins. Til dæmis að barn sé skilið eftir eitt og eftirlitslaust án þess að hafa til þess aldur eða þroska.
- Vanræksla getur stafað af því að foreldrar séu ófærir um að sinna þörfum barnsins vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- Vanræksla getur varðað skólagöngu barns. Að barn komi ítrekað í skólann án nauðsynlegra áhalda eða fatnaðar og ábendingar til foreldra um það bera engan árangur.


## Ofbeldi

Ofbeldi getur verið líkamlegt, tilfinningalegt, kynferðislegt og eða líf og heilsu ófædds barns sé í hættu.

### Líkamlegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi gagnvart barni er ofbeldi sem leiðir til þess að barnið skaðast eða er líklegt til þess. Barn getur borið merki ofbeldis, með marbletti, brunasári eða beinbroti, en ummerki eru þó ekki alltaf sjáanleg. Líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum varðar við lög.

- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barnið sé slegið, hrist, því hent til, brennt eða bundið.
- Líkamlegt ofbeldi getur falist í því að barni sé viljandi gefin hættuleg lyf eða annað sem skaðað getur það.



### Tilfinningalegt ofbeldi

Oft er erfitt að greina tilfinningalegt ofbeldi en það getur engu að síður haft mjög alvarlegar afleiðingar. Tilfinningalegt ofbeldi gagnvart barni felur í sér að foreldrar eða aðrir umönnunaraðilar sýna barni viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar sem eyðileggur eða hindrar þróun jákvæðrar sjálfsímyndar barns.

Einnig er það skilgreint sem tilfinningalegt ofbeldi þegar barn eða ungmenni verður vitni að ofbeldi milli foreldra sinna.

- Tilfinningalegt ofbeldi getur falist í viðhorfi eða hegðun sem segir að barnið sé einskis vert, engum þyki vænt um það eða enginn vilji sjá það.
- Tilfinningalegt ofbeldi getur falist í algjöru aðgerðarleysi eins og að sýna barninu engar tilfinningar.
- Tilfinningalegt ofbeldi á sér stað þegar barn er móðgað, kallað ónöfnum eða komið er fram við það á ómanneskjulegan eða niðrandi hátt.

### Kynferðislegt ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beint að barni.

Kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað milli fullorðins einstaklings og barns eða milli tveggja barna þar sem annar einstaklingur hefur vald yfir hinum.

Kynferðislegt ofbeldi getur til dæmis falist í:

- Að barn sé látið horfa á klámefni eða kynfæri eða myndir teknar af barni í þeim tilgangi að örva kynferðislega.
- Að þuklað sé á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.
- Kynferðislegum myndum, orðum og samræðum á samfélagsmiðlum.
- Samförum við barn.

### Áhættuhegðun barns

Áhættuhegðun barns felur í sér að barn hegðar sér á einhvern hátt sem hefur skaðað, eða er líklegt til að skaða, heilsu þess og þroska. Áhættuhegðun barns getur falist í:

- Neyslu áfengis eða vímuefna.
- Að barn skaði sjálft sig með því að veita sér áverka.
- Að barn beiti aðra ofbeldi.
- Erfiðleikum barns í skóla þrátt fyrir aðhald foreldra.
- Að barn stundi afbrot t.d. skemmdarverk eða fari ekki eftir lögbundnum útvistartíma barna.

Samkvæmt barnaverndarlögum er refsivert að tilkynna ekki

# STUÐNINGUR OG RÁÐGJÖF

VIÐ STARFSMENN STOFNANA, FÉLAGASAMTÖK  
OG AÐRA ER VINNA MEÐ BÖRNUM

## Stuðningsaðilar og ráðgjafar innan stofnana og félaga

- Stjórnandi stofnunar eða félags
- Tengiliðir í verkefninu Velferð barna í Garðabæ

## Utanaðkomandi stuðningsaðilar og ráðgjafar

- Fjölskyldusvið Garðabæjar: 5258500
- Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar: 5258500
- Mannauðsstjóri Garðabæjar: 5258500

Ráðgjöf og stuðningur fyrir starfsfólk er í höndum stjórnanda stofnana og félagasamtaka.

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma 112

## Einelti

Einelti er ein tegund ofbeldis. Ekki er fjallað sérstaklega um einelti í þessu riti. Bent er verkefnið „Gegn einelti í Garðabæ“ og eineltisáætlun sem er að finna á vef Garðabæjar.

# HANDBÆKUR, ÍTAREFNI OG VEFSÍÐUR

## Handbækur

*Verndum þau.* Höfundar: Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir (2013).

*Hinn launhelgi glæpur. Kynferðisbrot gegn börnum.* Ritstjóri: Svala Ísfeld Ólafsdóttir (2011).

*Kynferðisofbeldi gegn börnum. Málsmeðferð réttarkerfisins og réttarvernd barna.*  
Höfundar: Hrefna Friðriksdóttir og Anni G. Haugen (2014).

*Ofbeldi gegn börnum – hlutverk skóla.* Höfundar: Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen (2014).

## Vefsíður

Barnaheill	<a href="http://www.barnaheill.is">www.barnaheill.is</a>
Barnasáttmálinn	<a href="http://www.barnasattmali.is">www.barnasattmali.is</a>
Blátt áfram	<a href="http://www.blattafram.is">www.blattafram.is</a>
Drekaslóð	<a href="http://www.drekaslod.is">www.drekaslod.is</a>
Foreldrahús	<a href="http://www.vimulaus.is">www.vimulaus.is</a>
Heimili og skóli	<a href="http://www.heimiliogskoli.is">www.heimiliogskoli.is</a>
Kvennaathvarfið	<a href="http://www.kvennaathvarf.is">www.kvennaathvarf.is</a>
Leiðin áfram	<a href="http://www.leidinafram.is">www.leidinafram.is</a>
Rauði krossinn	<a href="http://www.raudikrossinn.is">www.raudikrossinn.is</a>
Saft	<a href="http://www.saft.is">www.saft.is</a>
Stattu með þér	<a href="http://www.velferdarraduneyti.is/stattumedther">www.velferdarraduneyti.is/stattumedther</a>
Stígamót	<a href="http://www.stigamot.is">www.stigamot.is</a>
UNICEF	<a href="http://www.unicef.is">www.unicef.is</a>
Vefur vitundarvakningar	<a href="http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning">www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning</a>
Æskulýðsvettvangurinn	<a href="http://www.aeskulydsvettvangurinn.is">www.aeskulydsvettvangurinn.is</a>

# VERKLAG

## VEGNA GRUNS UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN BARNNA

1



### GRUNUR UM VANRÆKSLU, OFBELDI EÐA ÁHÆTTUHEGÐUN

Barn leitar til starfsmanns

Grunur starfsmanns um óviðunandi aðstæður, hegðun eða atvik er varða börn

Grunur er um að starfsmaður beiti ofbeldi eða sýni óviðeigandi hegðun

Grunur er um að foreldri eða sá sem sækir barn sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna

2



### SKRÁNING MÁLSATVIKA

Mikilvægt er að starfsmaður skrái eins fljótt og auðið er málsatvik vegna hugsanlegrar tilkynningar

3



### HVERT LEITAR STARFSMAÐUR?

Starfsmaður leitar til stjórnanda eins fljótt og auðið er

Ef starfsmaður nær ekki í stjórnanda og barn er í hættu skal hann strax hafa samband við fjölskyldusvið í síma **5258500** eða í síma **112** og láta stjórnanda síðan tafarlaust vita

Ef starfsmaður telur sig ekki getað leitað til stjórnanda skal hann hafa samband við fjölskyldusvið eða fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar á bæjarskrifstofu

4



### TILKYNNING

Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna mál til fjölskyldusviðs Garðabæjar

Tilkynningareyðublöð er að finna á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Ef atvik koma upp utan skrifstofutíma eða um helgar er hægt að hafa samband við bakvakt barnaverndar í síma **112**

Skylt er að tilkynna grun um vanrækslu, ofbeldi og áhættuhegðun barns